

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. júní 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 843. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) lýsa yfir stuðningi við frumvarpið. Með frumvarpinu er lagt til að framkvæmd mótframlagslána til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja gegn framlagi fjárfesta (stuðnings-Kría) heyri undir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, þó með þeim hætti að sjálfstæð nefnd skipuð af ráðherra taki ákvörðun um hvort skilyrði fyrir veitingu lána séu uppfyllt.

SI fagna því að stjórnvöld hyggist nýta þá innviði sem til staðar eru við útteilingu á því fjármagni sem ætlað er að koma til móts við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki sem lent hafa í fjárhagslegum erfiðleikum vegna efnahagslegra áhrifa útbreiðslu kórónuveirunnar. Ljóst er að fjölmörg sprotafyrirtæki í vexti sem áður höfðu tryggt sér vilyrði fjárfesta standa nú frammi fyrir fjárhagslegri óvissu en á meðan ástandið gengur yfir halda margir fjárfestar að sér höndum. Það er ákaflega mikilvægt að aðgerðir sem miða að því að hvetja til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og bjarga þeim frá mögulegu gjaldþrotri með tilheyrandi tapi fyrir samfélagið komi til framkvæmda eins fljótt og kostur er. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins nýtur trausts og því er vel til fundið að staðsetja stuðnings-Kríu hjá sjóðnum. Á sama tíma á sjóðurinn hlut í fyrirtækjum sem mögulega koma til með að sækja um mótframlagslán og því er mikilvægt að sjálfstæð nefnd taki ákvörðun um hvort skilyrði til lánveitingar teljist uppfyllt en ekki stjórn sjóðsins. Með hliðsjón af þessu er einnig rétt að stjórn NSA sé með öllu skaðlaus af ákvörðunum úthlutunarnefndarinnar.

SI telja stuðnings-Kríu mikilvægt úrræði fyrir sprotafyrirtæki en í dag er óljóst hversu mikil ásókn verður í úrræðið. Samtökin leggja áherslu á að sú fjárhæð sem lögð er til í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 36/2020, stofnframlag sem nemur 500 milljónum króna, verði endurskoðuð í haust ef í ljós kemur að fjárhæðin dugir ekki til þess að koma til móts við þá þörf sem er til staðar. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að skilyrði lánveitingar er að einkafjárfestar komi með sambærilegt fjármagn að borðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins



Sigríður Mogensen
sviðsstjóri hugverkasviðs SI